

Nefndasvið Alþingis
B.t. Kristjönu Benediktsdóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. desember 2013

Efni: Umsögn Félags atvinnurekenda um frumvarp til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni (158. mál).

I. Almennt

Vísað er til frumvarps til laga um aðgerðir til að draga úr reglubyrði atvinnulífsins og efla samkeppni (158. mál) sem lagt var fyrir á Alþingi á 143. löggjafarþingi.

Félag atvinnurekenda (FA) fagnar umræddu lagafrumvarpi og telur að markmið þess um öflugt atvinnulíf, aukna framleiðni og hagvöxt hafi sjaldan eða aldrei verið mikilvægari en nú. Ljóst er að betri umgjörð samkeppnismarkaða og skilvirkari lagasetning og stjórnvaldsákvæðanir geta skipt miklu máli í þessu samhengi. FA gerir þrátt fyrir þetta eina athugasemd við frumvarpið.

II. Athugasemdir

Í annarri grein frumvarpsins er kveðið á um skipun regluráðs. Þar kemur m.a. fram hvaða aðilar skuli tilnefna fulltrúa í ráðið. FA telur það ekki í anda þeirra vinnubragða sem lagt er upp með frumvarpinu að lögfest sé að Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands tilnefni fulltrúa úr atvinnlífinu í ráðið. Hafa verður í huga að þrátt fyrir að umrædd samtök séu hagsmunasamtök fyrirtækja á breiðum grunni og áberandi í umræðunni að fleiri slík samtök eru starfandi sem hafa ýmislegt fram að færa þegar kemur að regluverki og samkeppni. Til bóta væri að tilnefningar frá atvinnlífinu færu fram með öðrum hætti þannig að aðrir aðilar ættu tækifæri á að koma að starfi ráðsins. Það mætti annað hvort gera með fjölgun fulltrúa í ráðinu eða með því að einskorða ekki tilnefningar við tvenn samtök í lagatexta.

III. Annað

Að lokum áskilur Félag atvinnurekenda sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,



Almar Guðmundsson
Framkvæmdastjóri